

Félags – og skólaþjónusta
RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvolsvelli

FUNDARGERÐ

85. fundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (FSRV) 2024 var haldinn kl. 09:00 mánudaginn 23.09.2024 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson formaður, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir varaformaður, Kristín Hreinsdóttir ritari, Einar Kristján Jónsson, Sigríður Karólína Viðarsdóttir og Svava Davíðsdóttir framkvæmdastjóri.

Kristín Hreinsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. *Ráðning verkefnastjóra farsældar*

Lögð voru fram tillaga og rökstuðningur teymisstjóra skólaþjónustu og barnaverndar- og farsældarþjónustu fyrir tímabundna ráðningu verkefnastjóra farsældar. Annars vegar er um að ræða heimild til að leiða samþættingu á þjónustu í tengslum við lög um farsæld barna og hins vegar heimild til ráða verkefnastjóra.

Stjórn FSRV tekur jákvætt í erindið. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram og leita tilboða í verkefnastjórn fyrir samþættingu þjónustu í tengslum við lög um farsæld barna fyrir næsta stjórnarfund.

Samþykkt samhljóða.

2. *Önnur mál*

Umræður urðum um aukið ofbeldi barna og ungmenna í tengslum við fréttir síðustu misseri. Framkvæmdastjóra falið að skoða möguleika á að fá námskeið fyrir starfsfólk skóla um viðbrögð við alvarlegum hegðunarvanda/ofbeldi og kanna hvort viðbragðs-áætlanir eru til í skólunum.

Næsti fundur verður haldinn 28. október 2024 kl. 09:00.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 9:50.

Undirritunarsíða

Svava Davíðsdóttir

Einar Freyr Elínarson

Kristín Hreinsdóttir

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Einar Kristján Jónsson

Sigríður Karólína Viðarsdóttir